

Nd.

## 520. Nefndarállit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 53, 27. júní 1921, um hvildartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Árið 1920 tók einn besti aßlamaður íslenskra skipstjóra upp þá venju, að láta háseta sína njóta minst 6 tíma hvildar á sólarhring, og þótti þegar gefast svo vel, að fullvist er, að eigi hefðu líðið svo mórg ár, að venja sú hefði náð festu á öllum isl. botnvörpungum.

Það sætti því undrum, að einmitt árið estir fann löggjafarvaldið ástæðu til að grípa inn i eðlilega rás viðburðanna og lögfesta þegar í stað 6 tíma minsta hvild á sólarhring fyrir sjómenn á botnvörpungum. Voru afskiðti þau að visu óskaðleg, en með öllu óþórf.

Nú er að nýju farið fram á, að löggjafinn lati málið til sin taka, að þessu sinni með því að lögfesta 8 stunda minsta hvild á sólarhring.

Sjávarútvegsnefnd hefir eigi orðið á eitt sátt um málið. Meiri hlutinn vill samþykka frumv., en minni hlutinn vill fella það, meðal annars af þeim ástæðum, er nú skulu greindar.

Það er alkunna, að úlgerðin stendur nú svo höllum fæti, að mjög var-hugavert verður að teljast að leggja á hana nýja bagga. Minni blutinn telur líklegt, að hvild sú, er sjómenn nú hafa, sje það mikil, að ekki sje þess að vænta, að af aukinni hvild leiði meiri vinnu á sama tíma. Það yrði því óbjákvæmileg afleiðing af lögfestingu 8 stunda minstrar hvildrar, að sjómenn yrðu sjálfir að greiða hina auknu hvild með lækkun kaupsins, en það telur minni hlutinn óvist og jafnvel ólíklegt, að sjómenn vilji.

Það er ekki upplýst í málín, að sjómenn þarfnið þess hvildarauka, sem nú er farið fram á. Atvinnurekstri þeim, er bjer ræðir um, er venjulega þannig hagað, að stundaðar eru saltfiskveiðar um 3 mánuði ársins, en ísfiskveiðar 6–7 mánuði, og eru saltfiskveiðarnar aðalannirnar, og hvild sjómannanna venjulega minst þá mánuðina. En þó er það svo, að jafnvel þennan annatima njóta sjómenn miklu lengri hvildar en 6 tíma á sólarhring að meðaltali, því auk þeirrar hvildar í hverri veiðiför, er þeir fá meðan skipin sigla í og úr höfn -- en til þess

fara 20 tímar til 3 sólarbringar — eiga sjómenn algert frí meðan skipin eru áflernad og fermd. Og loks er þess að geta, sem mestu varðar, að undantekningalitið njóta sjómenn mikillar hvíldar á annatímanum fyrir það, að veiði verður eigi stunduð sakir óveðurs. Pessu til sönnunar skal á það bent, að verði veiði stunduð samfleitt á vertið, varir veiðiförin aðeins 5—6 daga, en svo miklar eru frátafir, að venjan er sú, að sjaldnast koma skipin til Ísland en á 10--16 daga fresti.

Um þann tíma ársins, sem ísfiskveiðar eru stundaðar, er óþarfst að fjölyrða. Veiðiförin, að meðtaldi siglingu milli landa, varir venjulega 4 vikur. Aflist vel, er hægt að fylla skipin á 4 dögum, þótt hitt sje tilðast, að sakir gæftaleysis og aflatregðu gangi til þess 10—14 dagar, en nokkru lengri tími til siglinga og dvalar í höfnum. Menn geta því fyllilega treyst því, að sjómönnunum verði ekki ofboðið með vinnu þennan tíma ársins, enda mun tæplega nokkur manna þeirra, er hlut eiga að mál, halda því fram.

Til frekari skyringar skal þess getið, að það er venja, að meðan skipin sigla milli landa, fái nokkur hluti háseta landvistarleyfi, en halda þó fullu kaipi.

Minni blutinn viðurkennir fyllilega óvenjulegt atgervi íslenskra sjómanna, en hver og einn, sem sjeð hefir þann hóp, getur gengið úr skugga um, að mönnunum þessum hefir til þessa ekki verið ofboðið með vinnunni, enda þótt enginn gangi þess dulinn, að oft er vinna þeirra óvenjulega löng og ströng.

Minni blutinn hefði óskað þess, að mál þetta yrði sent útgerðarmönnum og jafnvel einkum skipstjórafjelaginu til umsagnar. Það hefir þó eigi verið gert. Minni blutinn telur þó málid það vel upplýst, að rjett sje að leggja til, að frv. verði felt.

Alþingi, 5. maí 1927.

Ólafur Thors,      Sigurjón Jónsson.  
framsm.